



**Menningarmiðstöð
Hornafjarðar**

RANNSÓKNIR

Fornleifaskráning

Hafnarsvæðið við Ósland

Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

Janúar 2022



Fjárhúshóll í Óslandi

Efnisyfirlit

Myndaskrá:	ii
Töfluskrá:	ii
Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Ósland	4
Fornleifaskráning	5
Samantekt og lokaorð	12
Heimildaskrá	13

Myndaskrá:

Mynd 1. Íslandskort, Hornafjörður	1
Mynd 2. Herforingjaráðskort Dana af Höfn og nágrenni	4
Mynd 3. Ósland og hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar 2017	5
Mynd 4. Yfirlitskort af skráðum minjum í Óslandi	5
Mynd 5. Uppmælingar af rústum beitarhúsa í Óslandi	6
Mynd 6 a & b. Minjar 001 – 002 í Fjánhúshól	7
Mynd 7 a & b. Minjar 003 – 004 í Fjánhúshól	8
Mynd 8 a & b. Minjar 005 – 006 í Fjánhúshól	9
Mynd 9 a & b. Minjar 007 – 008 í Fjánhúshól	10
Mynd 10. Ytri-Ferjuklettur	11

Töfluskrá:

Tafla 1. Verkefni 2746, samantekt fornleifaskráningar í Óslandi, Höfn í Hornafirðir	12
-------------------------------------------------------------------------------------------	----


*Mynd á forsíðu: Fjánhúshóll í Óslandi. Ljósmynd: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022.

Inngangur

Ósland var áður fyrr stakstæð eyja eða hólmi sunnan Hafnartanga í Hornafirði, tæpan 1 km innan Hornafjarðaróss. Ósland var ein fjölmargra eyja og skerja í Hornafirðinum sem tilheyrðu jörðinni Horni í Nesjum.¹ Hornsbændur nytjuðu eyjuna fyrr á tímum eða þar til landsvæðið féll undir yfirráð Hafnarhrepps 1968.

Um miðja 20. öld fóru bæjaryfirvöld á Höfn í umfangsmiklar landfyllingar suður af Heppu og Afkastahól út að Óslandi og er það svæði hluti af hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar í dag. Syðsti hluti Óslands er friðlýstur fólkvangur samkvæmt gildandi deiliskipulagi en svæðið norðan Óslandshæðar er skilgreint iðnaðar- og hafnarsvæði.

Vegna endurskoðunar á deiliskipulagi fyrir athafnarsvæði Hornafjarðarhafnar var skipulagsreiturinn tekin út að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins, með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.² Farið var á vettvang 19. janúar 2022 og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmd af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúrufræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd 1. T.v. Hornafjörður sýndur með rauðum punkti á Íslandskorti. Skráningarsvæðið við Hornafjarðarhöfn og Ósland afmarkað með rauðum ramma á stækkuðu Íslandskorti t.h.. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Kortagerð: SGB,2022.

¹ Ö-skrá, Horn-7

² Lög um menningarminjar nr.80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning - sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Ósland

Fram undir 1950 var Ósland stakstæð eyja sunnan Hafnartanga í Hornafirði (sjá mynd 2) og tilheyrði jörðinni Horni í Nesjum.³ Suðaustan Óslands er eyjan Lambhellir eða Hellir, miðja vegu milli Óslands og Austurfjörðu. Áður fyrr var þurrt land frá austurfjörðinni og yfir í Óslandið um Helli, með óslitnu graslendi milli eyjanna tveggja.⁴ Allt vatn úr Skarðsfirði rann áður um rás milli Óslands og Hafnartangans og sameinaðist Hornafjarðarfljótum um ósinn sem þá stóð uppi mun vestar en nú er.⁵ Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hermdu munnmæli að kaupskip fyrr á öldum hafi náð að athafna sig vestan við Ósland og svonefnda Ferjukletta.⁶ En á seinni hluta 18. aldar urðu miklar breytingar í Hornafirðinum vegna landbrots sem leiddi til þess að Ósland og Hellir skildust að og í kjölfarið breyttist útfall frá Skarðsfirði um Hornafjarðarós sem færðist í kjölfarið austur fyrir Hvanney.⁷

Á Horni var erfitt um heyskap og vestustu eyjar í Skarðsfirði því nýttar sem engjalönd, þar á meðal Mikley og Ósland enda eyjarnar grasgefnar.⁸ Fáir bændur áttu eins langa leið að fara til engjalanda sinna og Hornsbændur eða margra kílómetra vegalengd. Fyrst var heyfengur fluttur á bátum yfir Skarðsfjörðinn og síðan á hestum eftir fjörðinni.

Upphaf byggðar á Höfn er rakin til stofnunar verslunarstaðar Ottó Tuliníusar kaupmans við Hafnarvík árið 1897.⁹ Hafnarhreppur var stofnaður 1946 og rúmum 20 árum síðar eignaðist hreppurinn Óslandið.¹⁰ Upp úr 1950 réðust Hornfirðingar í landfyllingar milli Hafnartangans og eyjanna sunnan og austan hans, með það markmið að bæta hafnaraðstæður og ekki síst aðgengi að Óslandi.¹¹



Mynd 2. Skjáskot af Herforingjaráðskorti Dana byggt á landmælingum þeirra frá 1903. Kortið sýnir landshætti við Hafnartangann við upphaf byggðar á Höfn í byrjun 20. aldar. Ósland var stakstæð eyja sunnan tangans, engjaland í eigu Hornsbænda. Heimild: Landmælingar Íslands, söguleg gögn.

³ Ö-skrá, Horn-7

⁴ Gísli Björnsson 1972, bls. 167

⁵ Gísli Björnsson 1972, bls. 167-168

⁶ Gísli Björnsson 1972, bls. 168-169

⁷ Gísli Björnsson 1972, bls. 167-169

⁸ Bjarni Bjarnason 1971, bls. 127

⁹ Gísli Björnsson 1972, bls. 178

¹⁰ Gísli Björnsson 1972, bls. 277

¹¹ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 56



Mynd 3. Ósland og hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar árið 2017. Landfyllingar hafa gjörbreytt ásýnd og landsháttum í Óslandi. Skjákot af kortavefsjá Sveitarfélagsins Hornafjörður. Loftmyndagrunnur: Loftmyndir ehf.

Fornleifaskráning

Niðurstaða skráningar í þessu verkefni er sýnd á mynd 4. Skráningin hlaut verkefnanúmerið **2746** hjá Minjastofnun og myndar stofn í auðkennisnúmeri hverrar minjar. Samtals voru skráðir 9 minjastaðir á vettvangi.



Mynd 4. Skráðar minjar í Óslandi, rauðir punktar varpað á loftmynd Loftmynda ehf. Svört strikálína afmarkar skráningarsvæðið. Sjá nánar í skráningu hér neðar.



Mynd 5. Uppmældar tóftir beitarhúsa á Fjárhúshól í Óslandi, varpað á loftmynd. Sjá skráningu 001-006 í fornleifaskrá hér neðar. Loftmyndagrunnur: Loftmyndir ehf.

Auðkennisnúmer: 2746:001

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹² Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólsins.

Staðsetning: A 684180.752 – N 421322.241

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: garðlag

Hlutverk: matjurtagarður

Hlutverk annað: beitarhús

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landbrots

Vegghæð frá – til: 0.5 m - 0.9 m

Veggjubreidd: 0.5 m - 0.7 m

Lýsing: U-laga garðlag, um 6 x 4 m að stærð með op til suðausturs (sjá mynd 6a). Veggir eru úr torfi og eru vel grónir. Hlutverk mannvirkis er ekki ljóst en líklega er hér um matjurtagarð að ræða.

¹² Björn Arnarson, munnleg heimild.



Mynd 6 a og b. a) Garðlag 001, horft til suðvesturs. b) Vestasta fjárhústóftin (002) horft til suðvesturs. Ljós. SGB 2022.

Auðkennisnúmer: 2746:002

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹³ Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólins.

Staðsetning: A 684183.800 – N 421333.768

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: beitarhús

Aldur frá – til: 1550 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landbrots

Vegghæð frá – til: 0.8 m - 1.8 m

Veggjastreidd: 1.2 m - 2.0 m

Lýsing: Tóftin er tæpum 5 m norðaustur af garðlagi 001 og er mjög áberandi í landslagi. Hún er um 9 x 6 m að stærð, með veggj úr torfi og er mikið gróin. Op snýr til suðausturs. Tóftin stendur alveg á brún hólins, sjá mynd 6b.

Auðkennisnúmer: 2746:003

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹⁴ Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólins.

Staðsetning: A 684190.756 – N 421347.140

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: tóft

Tegund annað: garðlag

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: garður

Aldur frá – til: 1550 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landbrots

Vegghæð frá – til: 0.5 m - 0.7 m

Veggjastreidd: 0.5 m - 0.8 m

¹³ Björn Arnarson, munnleg heimild.

¹⁴ Björn Arnarson, munnleg heimild.



Mynd 7 a og b. a) Tóft 003, fjárhús eða garður, horft til vesturs. b) Aðhald 004, horft til norðurs. Ljósmynd. SGB 2022.

Lýsing: Mannvirkið er U-laga með veggum úr torfi og grjóti. Innst í tóftinni hefur rofnað skarð í hleðsluna og er steinn sýnilegur í sári rofsins. Ytra mál mannvirkis er 6 x 4 m og er mikið gróið (sjá mynd 7a). Gönguslóði liggur í gegnum mannvirkið og áfram austur með Fjárhúshólnum. Hlutverk þessa er ekki ljóst en ekki er útilokað að veggirnir eru leifar tveggja garða.

Auðkennisnúmer: 2746:004

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹⁵ Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólins.

Staðsetning: A 684191.425 – N 421350.744

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: garðlag

Hlutverk: aðhald

Hlutverk annað: kró

Aldur frá – til: 1550 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar


Hætta: hætta vegna landbrots

Vegghæð frá – til: 0.5 m - 0.7 m

Veggjabreidd: 0.5 m - 0.8 m

Lýsing: Garðlag sem myndað hefur vegg aðhalds eða króar við áfast fjárhús, sjá 005. Garðlagið er L-laga, alls um 7 m langt. Veggir eru grasi grónir eins og allar aðrar minjar á Fjárhúshólnum (sjá mynd 7b).

¹⁵ Björn Arnarson, munnleg heimild.



Mynd 8 a og b. a) Fjárhústóftir 005 og 006, horft til norðvesturs. b) Tóftir 005 og 006, horft til norðausturs. Ljósm. SGB 2022.

Auðkennisnúmer: 2746:005

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹⁶ Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólins.

Staðsetning: A 684195.616 – N 421353.903

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: beitarhús

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landrofs

Vegghæð frá – til: 0.5 m – 1.3 m

Veggjubreidd: 0.5 m – 1.6 m

Lýsing: Tóft 005 er um 14 m norðaustur af tóft 002 og stendur um 10 m frá bakkanum. Ytra mál hennar er 5 x 4,5 m, veggir eru úr torfi. Tóftin er mjög grasi gróin og áberandi í landslaginu, sjá mynd 8a.

Auðkennisnúmer: 2746:006

Fyrir ca. miðjum suðausturbakka Óslands er Fjárhúshóll og þar standa rústir beitarhúsa frá Horni (sjá myndir 4 og 5).¹⁷ Hóllinn er um 180 m norðaustan við Óslandshæðina þar sem hann rís upp yfir umhverfi sitt. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur. Minjar beitarhúsanna hafa sömu stefnu og hóllinn með dyr til suðausturs. Þær samanstanda af 4 tóftum fjárhúsa, ein kró og eitt garðlag sem er vestast í hólnum. Mikið landrof hefur átt sér stað við suðausturströnd Óslands frá því húsin voru reist því í dag standa rústirnar á ystu brún hólins.

Staðsetning: A 684201.329 – N 421358.013

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: beitarhús

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landrofs

Vegghæð frá – til: 0.5 m – 1.8 m

Veggjubreidd: 0.5 m – 2.0 m

¹⁶ Björn Arnarson, munnleg heimild.

¹⁷ Björn Arnarson, munnleg heimild.

Lýsing: Tóft 006 er um 2 m norðaustur af tóft 005. Ytra mál er 6 x 4,5 m og veggir eru úr torfi. Tóftin er mjög grasi gróin líkt og aðrar tóftir á Fjárhúshólnum og er áberandi í landslaginu, sjá mynd 8b.

Auðkennisnúmer: 2746:007

Í Byggðasögu Hafnarhrepps segir: „Menn fæddir á árunum 1850-‘60 töldu sig hafa séð greinilega götuslóða austan við Óslandshraun, sem kallað er, og lágu þeir í sjó fram. Töldu þeir að þetta væru götur eftir heylestir Hornsbænda frá þeim tíma er þurrt land var úr Óslandi og í Austurfjörur.“¹⁸

Staðsetning: A 684214.646 – N 421357.057

Sérheiti: Fjárhúshóll

Tegund: heimild

Hlutverk: gata

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landrofs

Lýsing: Gönguslóði liggur eftir endilöngum Fjárhúshólnum og ekki er hægt að útiloka að slóðinn liggir í legu gamla götuslóða Hornsbænda, sjá mynd 9a.



Mynd 9 a og b. a) Gönguslóðinn austur með Fjárhúshólnum. b) Mögulegt vörðubrot austarlega á Fjárhúshól. Ljós. SGB 2022.

Auðkennisnúmer: 2746:008

Rúmum 70 m austan við beitarhúsin á Fjárhúshól er lágreistur ónefndur hóll með þúfu sem líkist vörðuhleðslu, sjá mynd 9b. Ekki er útilokað að Hornsbændur eða aðrir vegfarendur um Óslandið hafi reist hér merki til að varða leið um eyjuna frá þeim tíma er þurrt var á milli hennar og Austurfjörü.

Staðsetning: A 684264.381 – N 421399.862

Sérheiti:

Tegund: þúst

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1550 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna landbrots

¹⁸ Gísli Björnsson 1976, bls 168

Auðkennisnúmer: 2746:009

Ytri-Ferjuklettur er milli gatnanna Miðós og Ófeigstanga í Óslandi. Í Byggðasögu Hafnarhrepps segir: „Norðan við Óslandið miðja vega eru tveir hólmar grasi vaxnir og girtir klettabeltum. Heita þeir Ferjuklettur. Gamlar sagnir herma, að skip sem sigldu á Hornafjörð fyrir á öldum, hafi verið bundin milli þessara kletta.“¹⁹

Staðsetning: A 683985.705 – N 421552.066

Sérheiti: Ytri-Ferjuklettur

Tegund: heimild

Hlutverk: skipalægi

Aldur frá – til: 1550 – 1900

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 10. Ytri-Ferjuklettur, meint skipalægi frá gamalli tíð samkvæmt gömlum sögnum. Ljósm. SGB 2022.

Lýsing: Landfyllingar milli Hafnartangans og Óslandssvæðisins frá seinni hluta síðustu aldar gera það að verkum að nærumhverfi Ferjukletta er gjörbreytt frá því sem áður var. Ytri-Ferjuklettur rís 3-4 m frá jafnsléttu en ekki sést lengur í Innri-Ferjuklett (sjá mynd 10).

¹⁹ Gísli Björnsson 1976, bls 168

Samantekt og lokaorð

Samtals voru 9 minjastaðir skráðir í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skáningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2746, samantekt skráðra minja á hafnarsvæði í Óslandi, Höfn í Hornafirði.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2746:001	<i>Fjárhúshóll</i>	garðlag	matjurtargarður	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:002	<i>Fjárhúshóll</i>	tóft	fjárhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:003	<i>Fjárhúshóll</i>	tóft	fjárhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:004	<i>Fjárhúshóll</i>	garðlag	aðhald	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:005	<i>Fjárhúshóll</i>	tóft	fjárhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:006	<i>Fjárhúshóll</i>	tóft	fjárhús	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:007		heimild	gata	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:008		þúst	óþekkt	1550-1950	hætta v/ landbrots
2746:009	<i>Ytri-Ferjuklettur</i>	heimild	skipalægi	1550-1950	hætta v/rask

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum minjaskráningar á hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar í Óslandi, Sveitarfélaginu Hornafirði. Tilfni skráningar er endurskoðun deiliskipulags hafnarsvæðisins. Innan deiliskipulagsreits voru skráðir níu minjastaðir, tóftir og garðlög beitarhúsa á Fjárhúshól, heimild um götuslóða og mögulegt vörðubrot við suðurbakka Óslands. Hornsbændur nýttu Ósland til nytja, með engjaslætti og úthagabeit allt þar til Hafnarhreppur eignaðist landsvæðið um miðja síðustu öld. Eins og ofar greinir herma gamlar sagnir að skipaumferð inn á Hornafjörðinn hafi átt sér stað löngu áður en verslunarstaðurinn við Hafnarvíkina var stofnaður rétt fyrir aldamótin 1900. Sagnirnar herma að skipalægið hafi verið við Ferjuklettana, en örnefnið eitt og sér getur staðfest þær sagnir. Allar skráðar minjar í þessu verkefni skilgreinast sem fornleifar samkvæmt aldursákvæðum minjalaga. Þær ættu ekki að vera í hættu vegna fyrirhugaðra áforma á svæðinu, í gildandi skipulagi er getið um beitarhúsini í Óslandi og Fjárhúshóllinn utan framkvæmdareita.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Arnþór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði, Síðara bindi, 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Bjarni Bjarnason (1971). Nes. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, I. bindi (bls. 111-282). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Gísli Björnsson (1976). Höfn. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III. bindi (bls. 163-325). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Landmælingar Íslands (2021). *Söguleg gögn*. Sótt 28.01.2022 á <https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/soguleg-gogn/>

Loftmyndir ehf (2012). *Loftmyndagrunnur*. GeoTiff-lágflugsmýnd, Hofn2012_4.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012

Örnefnaskrá fyrir Horn. Stefán Einarsson skráði (1961). Heimildarmaður: Sigurjón Sigurðsson, f. 1899. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Munnleg heimild:

Björn G Arnarson, Höfn. Símtal 01.02. 2022. Haft eftir Gísla Arasyni, 16. September 1997.